

„Frjáls verzlun“ hefur falað til birtingar nokkra af fjárhagsþáttum þeim, sem Birgir Kjaran hagfr. flytur um þessar mundir í útvarpinu, og hefur hann góðfúslega orðið við þeim tilmælum. Fullvíst má telja, að kaupsýslumönnum þyki akkur í að fá þessi greinagóðu erindi á prenti, með því að þau eru verð nákvæmari athygli en hægt er að veita þeim með eyrunum einum. Þar að auki fara útvarpserindi ávallt á mis við marga.



Fjárhagsþáttur eftir Birgi Kjaran hagfræðing:

Viðskiptaþróun og viðskiptahorfur

Þar sem áætla má, að til jafnaðar megi að minnsta kosti rekja þriðjung af þjóðartekjum Íslendinga til utanríkisverzlunarinnar, er það ljóst, að þróun viðskipta og breyttar verzlunarhorfur í þeim löndum, sem við eigum skipti við, munu fljótlega einnig hafa áhrif á afkomu okkar. Efnahagstengsl þessi hafa og orðið enn nánari við þátttöku Íslands í Fjárhagsráði Evrópu, Marshall-stofnuninni, því að halli á fjárlögum og óhagstæður verzlunarjöfnuður eru nú ekki lengur einkamál ríkjanna, heldur atriði, sem geta verið afleiðingarík fyrir önnur þátttökuríki innan vébanda ráðsins. Það er því Íslendingum nauðsyn að fylgjast með viðskiptaþróuninni á heimsmarkaðinum. Mun í þætti þessum gerð tilraun til að rekja í fáum orðum efnahagsþróunina á síðastliðnu ári hjá nokkrum viðskiptaþjóðum okkar og lýsa viðskiptahorfum þeirra við síðustu áramót.

Bandaríkin.

Það hefur löngum verið svo, að menn hafa skoðað efnahagsástand Bandaríkjanna sem nokkurskonar mælikvarða á viðskiptaþróun og horfur í heiminum. Mun því fyrst verða vikið að fjárhagsástandi þeirra.

Árið 1948 var eitt mesta veltiár í sögu Bandaríkjanna. 61,7 milljónir manna unnu að ýmsum störfum, og er það hæsta tala vinnandi manna, sem skráð hefur verið þar í landi. Þjóðartekjurnar námu 253 milljörðum dollara og voru því

10% hærri en árið áður. Iðnaðarframleiðslan náði hámarki sínu, og uppskeran varð hin mesta, sem sögur fara af, eða $\frac{1}{10}$ meiri en nokkru sinni fyrr. Hagfræðingar áætla, að bandaríska þjóðin, sem telur tæplega 7% alls mannkynsins, hafi á þessu ári framleitt í verksmiðjum sínum og uppskorið af ökrum sínum um 50% af framleiðslu alls heimsins. Á árinu var því hægt í Bandaríkjunum að bæta að mestu úr skorti ófriðaráranna á ýmsum neyzluvörum, svo sem vefnaðarvörum, skófatnaði, útvarpstækjum og heimilisáhöldum. Enda nam framleiðslan á nylon-sokkum 540 milljónum para, og 5 milljónir þvottavéla komu á markaðinn, svo að eitthvað sé nefnt. En þótt 5 milljónir bifreiða væru framleiddar, varð eftirspurninni á þeim hvergi nærri fullnægt. Einnig var skortur á íbúðum ennþá tilfinnanlegur.

Þrátt fyrir þetta efnahagslega góðari, varð þó á árinu vart fyrirboða þess, að ástandið kynni að breytast.

Síðan í ófriðarlokin hafa í Bandaríkjunum verið miklir efnahagslegir uppgangstímar, vaxandi framleiðsla, næg atvinna, verðlag stöðugt farið hækkandi, svo að jafnvel hefur vottað fyrir verðbólgu. En í febrúar 1948 gerði verðfallið vart við sig. Fyrst féll verð á hveiti, aðallega sökum hinnar ríkulegu uppskeru, en síðar féll einnig verð á öðrum vörum, t. d. húðum, gúmmí, kakó, efnavörum og jafnvel kjöti og mjólkurafurðum. Ekki varð þó almennt framhald á verð-

falli þessu, því að sumar vörur héldu áfram að stíga í verði allt árið, svo sem stálvörur, kopar, zink og alúminíum, og verð annarra vara festist aftur, m. a. vegna aukinna vörukaupa til hersins og Marshall-aðstoðarinnar. Þó lækkaði verð ýmissa iðnaðarvara aftur um haustið. Þeirra á meðal voru rafmagnsheimilistæki og sumar landbúnaðarvélar. Í heild varð niðurstaða ársins sú, að í árslok hafði heildsöluvísitala matvæla fallið um 14% og vefnaðarvaran um svipað.

Bandaríkjamenn hafa í seinni tíð haldið því ákveðið fram, að skömmtnun og viðskiptahömlur nægðu ekki til þess að lækna verðbólguna, heldur væri eina ráðið að auka framleiðsluna. Telja þeir, að framleiðsluaukningin árið 1948 og verðlækkunin, sem varð henni samfara, sanni þessa staðhæfingu.

Þeir fjármálafræðingar Bandaríkjanna, sem þykjast geta séð fyrir um efnahagsþróunina þar í landi árið 1949, virðast almennt þeirrar skoðunar, að uppgangstímarnir hafi þegar náð hámarki sínu og að hæggengari þróun sé framundan. Benda þeir því til sönnunar á ýms einkenni atvinnulífsins, svo sem verðlagsþróunina og samdrátt í byggingarstarfseminni. Á hinn bóginn, telja þeir ekki ástæðu til þess að óttast hrun í líkingu við það, sem átti sér stað árið 1929, heldur álíta þeir sennilegt, að verðlagið muni almennt festast nokkru fyrir neðan góðærisverðlagið 1948, þótt einstaka vörur kunni enn að hækki í verði vegna birgðasöfnunar hersins, og matvælin o. fl. vörur e. t. v. að lækka eitthvað frekar.

Spádómurinn um áframhaldandi lækkun á verðlaginu sýnist a. m. k. þegar hafa verið staðfestur af reynslunni á fyrstu mánuðum ársins 1949, því að eftir áramótin hefur á ný orðið talsverð lækkun á kornvörum og fleiri vörutegundum. Þó mun stefnuskráræða Trumans forseta um verðlagseftirlit og aukna íhlutun ríkisins um atvinnumál vafalaust einnig hafa átt sinn þátt í verðlækkun þessari.

Bretland.

Fyrir þjóðarbúskap Englendinga var síðastliðið ár all-afdrifaríkt. Framleiðslan jókst, þjóðartekjurnar uxu um 8%, og verðlag fór hækkandi eins og í flestum löndum Evrópu. En merkilegust varð þróunin á sviði gjaldeyrismálanna. Í byrjun ársins 1948 var gjaldeyrisástand landsins þannig, að almennt var talið viðbúið, að gengi

sterlingspundsins þyrfti að lækka, en nú við síðustu áramót er sterlingspundið aftur orðið það, sem kallað er „hörð mynt“, og óttinn við, að til gengislækkunar þurfi að koma, að mestu horfinn. Breytingu þessa má bezta marka á hækkun gengi sterlingspundsins í löndum, þar sem gengisskráning þess er frjáls, t. d. í Sviss og á Ítalíu.

Orsakir til þessarar þróunar mun að mestu vera að rekja til fjármálastefnu Sir Stafford Cripps. Stefna hans hefur verið að reyna að halda framleiðslukostnaðinum niðri, skila fjárlögum með tekjuafgangi og draga úr innlendri eftirspurn eftir útlendum vörum og eftir innlendum vörum ætluðum til útflutnings.

Árangurinn af þessu hefur orðið aukinn útflutningur og minnkaður innflutningur. Það hefur og aukið útflutninginn, að góð uppskera varð í Evrópu, og gátu þjóðir þær því dregið úr matvæla kaupum sínum í Bandaríkjunum, en í stað þess keypt vélar og framleiðslutæki í Englandi. Afleiðingin varð, að eftirspurn eftir pundum jókst, en framboðið minnkaði. Sterlingspundaskortur gerði vart við sig, og gengi pundsins hækkaði, svo að það er nú komið vel á veg með að verða aftur alþjóðlegur viðskiptamiðill og London á ný miðstöð bankaviðskiptanna.

Hinu er ekki að leyna, að árangur þessi hefur verið dýru verði keptur, því að lágt kaupgjald og vöruskortur hafa nú þrengt svo kjör almennings í Bretlandi, að M. Webb, foringi þingflokks jafnaðarmanna, hefur nýlega í þingræðu lýst því yfir, að snúa verði við blaðinu og rýmka kaupgetu og neyzlu almennings í landinu. Einnig er viðbúið, að pundaskortur meginlandsþjóðanna, sem stafar m. a. af minnkuðum innflutningi Breta, muni bráðlega draga úr brezkum útflutningi. Hefur þess raunar þegar orðið vart, að safnast hafa upp birgðir í Bretlandi af sumum útflutningsvörum, sökum þess að aðrar þjóðir skortir sterlingspund til þess að kaupa þær.

Frakkland.

Örlög franska fankans hafa verið öll önnur en sterlingspundsins, því að gengi hans hefur verið fellt tvisvar á árinu. Fyrst í janúar og síðar um miðjan október. Jafnframt var gengi „hörðu myntanna“, bandaríska dollarsins, svissneska frankans og portúgalska escutosins, gefið frjálst í Frakklandi. Tilgangur gengisfellinga þessara var að örva franska útflutningsverzlun.

Menn hafa vanizt að líta á gengisbreytingar í Frakklandi sem hversdagslega viðburði, en svo er þó ekki að þessu sinni, því að þær eiga rætur sínar að rekja til djúpsattrar meinsemdar í frönskum þjóðarbúskap. Fyrrverandi fjármálaráðherra Frakka, Monnet, hefur nýlega gert grein fyrir efnahag landsins og bent á meginorsök vandræðanna, en hún er, að franska þjóðin lifir um efni fram, og franska ríkisstjórnin eyðir meiru en hún aflar. En hvorugt er hægt til lengdar.

Efnahagsörðugleikar Frakka stafa sem sé ekki frá framleiðslunni, því að hún er í mörgum greinum komin fram úr því, sem hún var fyrir stríð, heldur ber að rekja þá til fjármálastjórnarinnar. En hún er með þeim óvenjulega hætti, að 44% af innflutningi landsins er ekki greiddur með útflutningstekjum, heldur með erlendri aðstoð, og að tekjur ríkisins hrökkva aðeins til fyrir $\frac{3}{4}$ ríkisgjaldanna, en afganginn verður að greiða með lánsfé.

Frökkum er öfugstreymi þetta ljóst, og ýmislegt hefur verið reynt til þess að vinna bug á örðugleikunum, en stjórn málaástand landsins er hinsvegar svo óstöðugt um þessar mundir, að vafasamt er, að þeim takist skjótlega að leysa efnahagsvandamálin á viðunandi hátt.

Belgía.

Mjög ólík hefur efnahagsþróunin verið í hinu frönskumælandi landinu, Belgíu. — Í raun og veru hefur Belgía haft viðskiptalega sérstöðu í Evrópu eftir ófriðinn, því að á tímum viðskipta-
hafta og banna hefur hún rekið frjálsa utanríkisverzlun.

Það sem ráðið hefur mestu um stefnu Belga í utanríkisverzlun, er fyrst og fremst bjargföst trú þeirra á frjálsa verzlun, en auk þess sérstakar aðstæður, sem hér skulu raktar. Framleiðslukerfi landsins var nærri óskaddað eftir ófriðinn og þjóðin hagnaðist að ýmsu leyti á hernámi Þjóðverja. Staðreynd, sem að vísu er lítið haldið á lofti. Strax og Bandamenn komu, var svo farið að framleiða fyrir þá og andvirði varanna greitt í dollurum. Einnig fékk Belgía láns- og leiguaðstoð, og til viðbótar þessu höfðu talsverðar innistæður safnast erlendis frá belgísku nýlendunum og vegna siglinga á ófriðarárunum. Niðurstaðan varð sú, að í ófriðarlokin áttu Belgir sem nam 600 milljónum dollara í erlendum innistæðum.

Fyrst í stað reyndi belgíska ríkisstjórnin að

hindra verðbólgu með því að binda kaupið með lögum og með hækkun forvaxta, en fór síðar inn á þá braut að jafna misræmið milli kaupmáttar og vöruframboðs með því að heimila sem næst frjálsan innflutning á erlendum vörum, hætta niðurgreiðslun og láta verðlagið ákvarðast á eðlilegan hátt. Voru erlendu innistæðurnar notaðar til þessa, þar til á miðju ári 1946, að kominn var skriður á útflutningsverzlunina og tekjur af henni nægðu til þess að greiða innflutninginn. Varð þannig um tíma mikið blómaskeið í Belgíu, allar vörur fáanlegar og engin skömmun. Hélt þessi hagkvæma þróun áfram þar til á miðju ári 1947, að sveigjast tók á verri hliðina. Ollu því viðskiptahöft og tvíhliða viðskiptasamningar, sem flestar þjóðir, er Belgir skiptu við, höfðu tekið upp. Einkum varð það mikið áfall fyrir Belgíu, er Bretar hurfu frá frjálsum skiptum á sterlingspundum í dollara.

Á árinu 1948 færðust örðugleikarnir til muna í aukana fyrir Belgum. Framleiðsla þeirra var að vísu enn í blóma og utanríkisverzlunin hagstæð, en sá galli var á og er enn, að þeir höfðu hagstæðan verzlunarjöfnuð við lönd, sem ekki hafa frjálsan gjaldeyri, en óhagstæðan verzlunarjöfnuð við Bandaríkin. Þá hafa útflutningsmarkaðir þeirra þrengt á árinu vegna aukinna verzlunar-
hafta, og hefur það svo aftur orsakað atvinnuleysi í einstaka atvinnugreinum, t. d. þeim iðnaði, sem framleiðir vefnaðarvörur, búsáhöld og leðurvörur. Sömuleiðis hefur dollaraskorturinn og minnk-
aður innflutningur á vörum frá Bandaríkjunum aukið verðbólguna innanlands.

Þrátt fyrir nefnda örðugleika er enn tiltölulega mikil velmegun í Belgíu, og ríkisstjórnin heldur fast við frjálsu leiðina í viðskiptamálum. Gerir hún sér miklar vonir um, að greiðslujafnaðarkerfi það, sem Marshall-löndin hafa komið á hjá sér, muni örva utanríkisverzlunina og auðvelda frjálsari viðskipti milli landa.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð hefur efnahagsþróunin eftir stríð að sumu leyti ekki verið óáþekk því, sem gerðist hér á landi um sömu mundir. Í árslok 1945 áttu Svíar gull og erlendan gjaldeyri, sem nam að upphæð 2.782 milljónum sv. kr., en 1. jan. 1948 var þessi eign þeirra komin niður í 410 milljónir sv. kr. Ástæðurnar fyrir hinni miklu gjaldeyriseyðslu á svo furðulega skömmum tíma voru mjög ör-
fjárfesting innanlands og mikill innflutningur.

Þó mun gjaldeyrir Svía í ríkara mæli hafa farið til innflutnings á neytluvörum, en átti sér stað hér á landi.

Eftir styrjöldina stigu Svíar og tvö spor, sem mjög hafa verið umdeild og margir hafa viljað rekja síðari erfiðleika til. Það var hækkun sænsku krónunnar árið 1946 og verzlunarsamningar, sem þeir gerðu við Rússa í október sama ár. Samningar þessir voru gerðir til 5 ára, og áttu Svíar samkv. þeim að láta Rússa hafa til ráðstöfunar vörur fyrir allt að 1000 milljónum sv. kr.

Hverju sem um var að kenna, hvort heldur það var eyðslan á erlendum gjaldeyri, hækkun krónunnar, Rússa-samningurinn, eða þetta allt samanlagt, þá urðu Svíar að grípa til hinna venjulegu viðskiptahafta og ríkisafskipta af atvinnulífinu, m. a. til þess að vinna gegn vaxandi verðbólgu. Í byrjun ársins 1948 var verðbólgan, mismunurinn á kaupgetunni og vöruframboðinu, áætluð nema 1000 milljónum sv. kr.

En ýms breytingareinkenni komu fram í atvinnulífi Svía á liðnu ári. Benti sumt til þess, að dálítið drægi úr verðbólgunni. Verðlag hafði hækkað svo, að eftirspurnin fór heldur minnkandi, afgreiðslufrestur á vörum varð styttri, minni skortur á vinnuafli, og greiðsluörðugleikar gerðu vart við sig í nokkrum atvinnugreinum. Eru sum þessara einkenna svipuð þeim, sem vart hefur orðið við í Bandaríkjunnum, og hafa þau orðið til þess að auka varfærni manna í viðskiptum og fjárfestingu í Svíþjóð.

Vegna verðbólgunnar og örðugleikanna á sviði utanríkisviðskiptanna hefur aðstaða sænsku krónunnar veikzt og háværar raddir komið fram um að lækka beri gengi hennar. Hefur hinn kunni sænski hagfræðingur Bertil Ohlin t. d. stungið upp á, að dollarinn yrði hækkaður upp í sv. kr. 4,20, en hann er nú í sv. kr. 3,60. Sænska ríkisstjórnin hefur þó til þessa verið andvíg gengisfellingu, svo engu skal um það spáð, hvort hún verður framkvæmd í bráð.

Horfur á heimsmarkaðnum.

Eins og sjá má af þessum lauslegu þáttum, sem vegna rúmsins ná aðeins til fárra landa, er viðhorfið á heimsmarkaðinum nokkuð annað nú í byrjun ársins en það hefur verið á undanförunum árum. Einkum eru þar tvö atriði, sem vita að okkur Íslendingum. Í fyrsta lagi þykja verðlækkarnir í Bandaríkjunum og viðskiptaleg stöðnum í Belgíu og Svíþjóð benda til, að upp-

gangstímar eftirstriðsáranna hafi náð hámarki sínu og framundan sé smástígari efnahagsþróun og verðlækkunartímar. Væri þar með úti um þá dauðu von sumra manna, að jafnvægi komist á utanríkisviðskipti okkar við það, að markaðslöndin kynnu að ná okkur í verðhækkunarkapphlaupinu. — Í öðru lagi búast menn við breyttum viðskiptahlutföllum, eða „terms of trade“ eins og Bretar nefna það. Verðhlutföllin í viðskiptum milli þjóða hafa að undanförunu, vegna hins mikla matvælskorts, verið í vil þeim þjóðum, sem matvæli framleiða. Verð iðnaðarvaranna hefur sem sé verið yfirleitt tiltölulega lægra en verð matvælna. En nú kann þetta að breytast, því að á síðastliðnu ári var framleiðsla ýmissa helztu matvæategundanna meiri en fyrir stríð, og nú er svo komið að segja má, að í bili sé nægileg framleiðsla á flestum matvæategundum nema kjöti og feitmeti. Framleiðslan á feitmeti er þó í örum vexti, vegna mikillar aukningar á framleiðslu á jurtaolíum, sem eru langstærsti þátturinn í feitmetisframleiðslu heimsins. Að ekki hefur þegar dregið úr feitmetisskortinum í Evrópu stafar fyrst og fremst af því, að framleiðslulöndin t. d. í Asíu, sem mjög hafa aukið framleiðslu sína, hafa vegna vaxandi innanlandsneyzlu ekki lagt áherzlu á að auka útflutning sinn.

Frændum okkar Norðmönnum, sem að verulegu leyti eru matvælaútflytjendur eins og við, eru hin breyttu viðhorf ljós, eins og fram kemur í áramótayfirliti norska útflutningsráðsins, en þar segir: „Hingað til hefur sala á útflutningsafurðum okkar ekki verið háð neinum sérlegum vandkvæðum. Önnur lönd hafa fúslega keypt af okkur þær vörur, sem við höfum getað framleitt, en það er margt, sem bendir til þess, að þetta muni snúast við og erfitt verði að selja framleiðsluvörur okkar.“ Þetta er viðhorf Norðmanna, sem eru þó vegna tiltölulega lágs framleiðslukostnaðar mun betur á vegi staddir en við. Það er því hætt við, að breytt viðhorf á heimsmarkaðinum, sem vafalítið hefði í för með sér lækkað fiskverð og líklega einnig lækkað verð á feitmeti, myndi koma hart niður á okkur Íslendingum, jafn efnahagslega óviðbúnir og við erum nú.

Birgir Kjaran.

Kaupsýslumenn í Reykjavík eru vinsamlega beðnir að gera ritstjóra „Frj. verzlunar“ viðvart, ef þeir geta leigt honum íbúð.